

# Til hamingju með áfangann

## Kæri kandídat.

Það stýttist í brautskráningu þína frá Háskóla Íslands og ég óska þér hjartanlega til hamingju með áfangann. Um leið býð ég þér að sækja prófskírteini þitt í Háskólabíó föstudaginn 21. október kl. 10–14.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag afhendingar eru hér að neðan.

Við vonumst sannarlega til þess að sjá þig í Háskólabíó því þetta er gleði- og uppskerudagur þinn og skólans. Við erum afar stolt af þér og vonum að þér farnist sem allra best í framtíðinni.

Með kærri kveðju,

  
Jón Atli Benediktsson  
rektor Háskóla Íslands

## Gott að vita fyrir afhendingu prófskírteina

STAÐUR OG STUND: FÖSTUDAGURINN 21. OKTÓBER Í HÁSKÓLABÍÓ KL. 10–14.

### Deildir Félagsvísindasviðs

- Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild
- Félagsráðgjafardeild
- Hagfræðideild
- Lagadeild
- Stjórn málafræðideild
- Viðskiptafræðideild

### Deildir Hugvísindasviðs

- Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði
- Guðfræði- og trúarbragðafræðideild
- Íslensku- og menningardeild
- Mála- og menningardeild

### Deildir Heilbrigðisvísindasviðs

- Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild
- Lyfjafræðideild
- Læknadeild
- Matvæla- og næringarfræðideild
- Sálfræðideild
- Tannlæknadeild

### Deildir Menntavísindasviðs

- Deild faggreinakennslu
- Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda
- Deild kennslu- og menntunarfræði
- Deild menntunar og margbreytileika

### Deildir Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

- Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild
- Jarðvísindadeild
- Líf- og umhverfisvísindadeild
- Rafmagns- og tölvuverkfræðideild
- Raunvísindadeild
- Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

**Fyrirkomulag afhendingar:** Gengið er inn um aðalinngang Háskólabíós. Þar framvísar þú skilríkjum og gengur svo að borði fyrir framan stóra sal bíósins þar sem þú færð afhent prófskírteini þitt. Að því búnu býðst þér að láta taka af þér mynd með skírteinið.

Starfsfólk verður á staðnum til að aðstoða og veita frekari leiðbeiningar.

Ef þú hefur ekki tæk á að sækja brautskráningarskírteini þitt í Háskólabíó þann 21. október getur þú nálgast það á skrifstofu þinnar deildar frá og með mánudeginum 24. október.